

# Hvöttu til betra samfélags

Burt með rafretturnar og betri framkomu við erlent vinnuafli var meðal þess sem lækna á aðalfundi Læknafélags Íslands ályktuðu. Hér verður stiklað á þeim ályktunum sem samþykktar voru á fundinum og hægt er að sjá þær í lengra máli á vef félagsins:

**Um heimilislækningar:** Skorað er á ríkisstjórnina, fjármálaráðuneyti og Alþingi að efla heimilislækningar og tryggja öllum landsmönnum sinn heimilislækni og setja heimilislækningar sem grunnstoð heilbrigðiskerfisins í raunverulegan forgang.

**Um erlent vinnuafli:** Skorað er á ríkisstjórnina, velferðarráðuneyti og Alþingi að bæta og jafna stöðu erlends vinnuafli á Íslandi. Læknar verði í daglegu starfi sínu vitni að því að endurtekið sé brotið á réttindum erlends vinnuafli. Því sé mikilvægt að upplýsingagjöf til þessa hóps sé bætt og viðurlög hert við brotum.

**Um rafrettur og reykingar:** Skorað er á yfirvöld að stöðva án tafar sölu á rafrettum eftir því fyrirkomulagi sem nú er því rafrettur eru hættulegar. Finna þurfi viðeigandi lausn á sölu rafretta sem hjálpartækja. Núverandi söluþyrirkomulag sé óásættanlegt.

**Um stuðning við kröfur Læknafélags Reykjavíkur:** Fundurinn hvetur heilbrigðisráðherra til að beita sér fyrir því að nýr samningur verði gerður um sérfræðilækniþjónustu áður en gildandi samningur rennur út um næstu áramót. Án samnings SÍ við sérgreinalækna telur LÍ að hætta aukist á mismunun á aðgengi að lækniþjónustu á grunni efnahags.

**Um mannauðsmál:** Aðalfundurinn fordæmir ítrekuð brot undirstofnana heilbrigðisráðuneytisins er lúta að



Hópastarf í ætt við þjóðfund, – aðeins 8 manns í hverju holti og auðvelt að komast að og tjá sig.

störfum lækna. Aðalfundurinn telur þessi mál lýsa stjórnunarstefnu sem fengið hafi að viðgangast óáreitt í heilbrigðiskerfinu þar sem ekki sé brugðist við af stjórnvöldum þegar stjórnendur heilbrigðisstofnana verði uppvisir að ólögðmætri stjórnsýslu.

**Um heilbrigðisstefnu:** Lýst er áhyggjum yfir vinnubrögðum við gerð heilbrigðisstefnu á vegum heilbrigðisráðuneytisins þar sem félögum lækna hafi ekki verið boðið að senda fulltrúa á fjölmarga undirbúningsfundi. LÍ og aðildarfélög þess lýsa sig reiðubúin að taka virkan þátt í gerð heilbrigðisstefnunnar.

**Um vinnufyrirkomulag almennra lækna:** Aðalfundur hvetur stjórnendur Landspítala og annarra heilbrigðisstofnana að sýna almennum læknum tillitssemi og virðingu í samskiptum er varða almennt vinnufyrirkomulag.

## #MeToo ýtir við læknum

Ákveðið var á aðalfundi Læknafélagsins að setja á laggirnar sérstaka samskipta- og jafnréttisnefnd. Hún á að stuðla að jákvæðum samskiptum og jafnrétti með áherslu á mál er varða kynferðislega áreitni, kynbundna áreitni og einelti.

Hlutverk nefndarinnar verður að stuðla að fræðslu og forvörnum og tryggja að viðbragðsáætlanir og verkferlar séu til staðar á vinnustöðum lækna og taka við erindum frá félagsmönnum. Tillaga þessi kemur í framhaldi af #metoo-vinnu LÍ.

## Ný stjórn Læknafélagsins tekur til starfa

Reynir Arngrímsson, formaður  
Björn Gunnarsson, gjaldkeri

*Frá Félagi almennra lækna:*  
Guðrún Ása Björnsdóttir, formaður og Ýmir Óskarsson

*Frá Félagi íslenskra heimilislækna:*  
Salóme Ásta Arnardóttir, formaður og Jörundur Kristinsson, varaformaður LÍ

*Frá Félagi sjúkrahússlækna:*  
María I. Gunnbjörnsdóttir, formaður og Gunnar Mýrdal, ritari LÍ

*Frá Læknafélagi Reykjavíkur:*  
Þórarinn Guðnason, formaður og Guðmundur Örn Guðmundsson.